




AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2027

Breyting í Skálholti – stækkun skógræktarsvæðis

06.12.2021





UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

3502-014-019-GRG-001-V01

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Anna Bragadóttir

Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

Skipulagsferli

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

Skipulagsgögn

Greinargerð þessi með forsendum og umhverfisskýrslu.

Skipulagsuppdráttur.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Skipulagsgögn	5
2	FORSENDUR	5
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir	5
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
2.1.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	6
2.1.3	Samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag	6
2.1.4	Deiliskipulag	7
2.1.5	Verndaráætlun fyrir minjasvæðið í Skálholti	7
2.2	Minjar	7
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	7
4	UMHVERFISÁHRIF	8
4.1	Vægi umhverfisáhrifa	8
4.2	Umhverfisþættir matsspurningar og viðmið	8
4.2.1	Valkostir og samanburður	9
4.2.2	Niðurstaða	10
5	MÁLSMÆÐFERÐ OG UMSAGNARÆDILAR	10
5.1	Skipulags og matslýsing	10
5.2	Aðalskipulagsbreytingin	10

1 INNGANGUR

Bláskógabyggð vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á jörðinni Skálholti er um 38 ha skógræktarsvæði SL12. Verður það stækkað í 181 ha, yfir land sem í gildandi skipulagi er landbúnaðarsvæði.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð verður breyting á greinargerð og uppdrætti.

2 FORSENDUR

Skógræktarsvæði SL12 í Skálholti og fyrirhuguð stækkun þess er norðan Skálholtsvegur. Skógræktarsvæðið nær að skógræktarsvæði sem er í landi Hrosshaga. Stunduð hefur verið skógrækt á hluta svæðisins í nokkur ár og eru hæstu tré á bilinu 2-4 m há.

Svæðið skiptist í lága ása þar sem grjót er sýnilegt á yfirborði. Inn á milli er land blautara. Stærsti hluti svæðisins er vel gróinn þó sjáist í rofsvæði. Í vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar eru helstu vistgerðir skógrækt, runnamýrarvist á láglandi, víðikjarrvist, starungsflóavist, tjarnarstararflóavist. Þessar vistgerðir, utan skógræktar, hafa mjög hátt verndargildi. Þær eru þó nokkuð útbreiddar, einkum víðikjarrvist.

Engar þekktar jarðmyndanir sem njóta verndar eru innan svæðisins.

Ekki er lengur búskapur á Skálholtsjörðinni og því ekki þörf á þessu landi til beitar. Landbúnaðarland hefur ekki verið flokkað í Bláskógabyggð. M.v. lýsingu á landinu hér að ofan má ætla að hluti landsins gæti hentað til ræktunar en að ekki sé um úrvals landbúnaðarland að ræða. Landið hentar vel til beitar og/eða skógræktar.

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Við breytingu á aðalskipulaginu er horft til eftirfarandi áætlana:

2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag í dreifbýli

Í aðalskipulagi byggjast skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands, í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar, á flokkun landbúnaðarlands. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af

náttúruvá. Sérstaklega verði hugað að hættu sem fylgir gróðureldum og hugað að flóttaleiðum og brunavörnum í frístundabyggð og á skógræktarsvæðum¹.

Loftslagsvæn landnotkun

Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri.

2.1.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Svæðið sem breytingin tekur til er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, kafli 2.4.1.

Í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna um landbúnaðarsvæði:

- Góð landbúnaðarsvæði verða áfram nýtt til landbúnaðar.
- Forðast skal að setja gott landbúnaðarland undir skógrækt.

Í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna um skógræktar- og landgræðslusvæði, kafli 2.4.2:

- Skógrækt og skjólbeltarækt verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði og ræktunarmöguleika.
- Skógrækt verði eflað til útivistar, skjóls og landbóta.
- Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spilt, s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja verði skógrækt takmörkuð eða óheimil.
- Hugað skal að því að skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum.

Einnig segir um skógræktar- og landgræðslusvæði:

- Skógrækt og landgræðsla skulu ekki fara nær friðlýstum fornminjum en 100 m og ekki nær öðrum merkjum minjum en 20 m.
- Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Nytjaskógrækt og skjólbeltarækt verði að jafnaði ekki nær ár- og vatnsbökkum en 30 m og að jafnaði ekki nær þjóðvegum en 50 m.

2.1.3 Samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag

Breytingin er talin vera í samræmi við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag. Ekki er talið að um úrvals landbúnaðarland sé að ræða. Skógur myndar skjól og getur þannig eflt ræktunarmöguleika umhverfis. Skógar eru kjörnir til útivistar. Þá bindur skógur kolefni í gróðri og jarðvegi.

¹ (Skipulagsstofnun 2016).

2.1.4 Deiliskipulag

Deiliskipulag fyrir Skálholt er dagsett 2018 og var staðfest í B-deild Stjórnartíðinda í júní 2019. Í deiliskipulaginu er umrætt svæði skilgreint sem skógræktarsvæði og landbúnaðarsvæði. Á Klifinu norðan Skálholtsvegur er gert ráð fyrir að setja megi upp útsýnisskífu en endanleg staðsetning hefur ekki verið valin. Í deiliskipulagi er sýnd þjóðleið frá Skálholti til norðurs yfir í land Hrosshaga.

2.1.5 Verndaráætlun fyrir minjasvæðið í Skálholti

Unnin hefur verið verndaráætlun fyrir minjasvæði umhverfis Skálholtskirkju. Svæðið er allt sunnan Skálholtsvegur og því utan þess svæðis sem aðalskipulagsbreytingin nær yfir.

2.2 Minjar

Fornleifaskráning hefur farið fram í Skálholti og er gerð grein fyrir þekktum minjum í deiliskipulagi. Á skógræktarsvæðinu SL12 eru fyrst og fremst minjar sem tengjast útbeit. Vísbendingar eru um að þar hafi verið smiðja og líkast til unnið járn úr mýrarrauða. Þjóðleið liggur frá Skálholti til norðurs yfir skógræktarsvæðið SL12.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á greinargerð og uppdrætti.

Breytingar á uppdrætti:

Skógræktarsvæðið SL12 er stækkað úr 38 ha í 181 ha.

Breytingar á greinargerð:

Í gildandi skipulagi, kafla 2.4.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði, er eftirfarandi texti um SL12.

NR	HEITI/JÖRÐ	LÝSING
SL12	Skálholt	Skógrækt, stærð um 38 ha.

Í breyttu skipulagi, kafla 2.4.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði, verður eftirfarandi texti um SL12.

NR	HEITI/JÖRÐ	LÝSING OG SKILMÁLAR
SL12	Skálholt	Skógrækt, stærð um 181 ha. Við skipulag skógræktar á svæðinu skal hafa í huga að vernda líffræðilega fjölbreytni, taka tillit til vistgerða með mjög hátt verndargildi og forðast að raska þeim. Forðast skal að planta skógi í blautasta landið og viðhalda þannig votlendi svæðisins og fjölbreyttara kjörlendi fyrir fugla.

NR	HEITI/JÖRÐ	LÝSING OG SKILMÁLAR
		Hvatt er til þess að í skóginum verði gerðir áningarstaðir og útivistarstígar fyrir fjölbreytta útivist. Halda skal þjóðleið sem liggur um svæðið opinni sem útivistarstíg, í samráði við Minjastofnun. Huga skal að því hvernig hægt er að draga úr líkum á gróðureldum, s.s. með því að beita svæðið hluta úr ári. Taka skal tillit til þekktra minja og 15 m friðhelgaðs svæðis umhverfis þær. Skógrækt verði felld að landi og ekki plantað í beinar línur.

Að öðru leyti gilda skilmálar/stefna í gildandi aðalskipulagi.

4 UMHVERFISÁHRIF

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Aðalskipulagsbreytingin markar stefnu um framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Framkvæmdin er ekki tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar þar sem hún er undir 200 ha að stærð.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

4.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „*Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.*“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

4.2 Umhverfisþættir matsspurningar og viðmið

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Í matslýsingu voru tilteknir þeir umhverfisþættir sem líklegt væri að yrðu valdir til umfjöllunar í umhverfisskýrslu.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin. Við matið er horft til neðangreindra umhverfisþátta og leitast við að svara matsspurningum:

TAFLA 1 Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Loft	Losun gróðurhúsalofttegunda og binding kolefnis.	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Stefna í aðalskipulagi.
Gróður og dýralíf	Hefur breytingin áhrif á líffræðilega fjölbreytni?	Vistgerðarkortlagning NÍ.
Ásýnd og landslag	Hefur breytingin áhrif á ásýnd og landslag?	Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Hefur breytingin áhrif á íbúa og atvinnulíf?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar og verndarsvæði	Hefur breytingin áhrif á fornminjar? Hefur breytingin áhrif á náttúruminjar? Hefur breytingin áhrif á verndarsvæði?	Stefna í aðalskipulagi.
Heilsa og öryggi	Hætta á gróðureldum. Útivistarmöguleikar á skógræktarsvæðinu.	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.

4.2.1 Valkostir og samanburður

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Breytt skipulag. Skógræktarsvæðið SL12 verður stækkað úr 38 ha í 181 ha.
- Núll – kostur. Skógræktarsvæðið verður óbreytt.

Breytt skipulag

Áhrif á loft eru jákvæð. Með meiri skógrækt binst meira af kolefni í gróðri og jarðvegi. Með því að planta ekki í blautasta svæðið er stuðlað að því að kolefni verði áfram bundið í votlendi á svæðinu.

Áhrif á gróður og dýralíf eru óveruleg/jákvæð að því gefnu að við skipulag skógræktar á svæðinu verði tekið tillit til líffræðilegrar fjölbreytni og vistgerða með mjög hátt verndargildi. Með því að sleppa því að planta í blautasta svæðið má viðhalda votlendi svæðisins og fjölbreyttara kjörlendi fyrir fugla.

Áhrif á ásýnd og landslag eru óveruleg. Með meiri skógrækt breytist ásýnd svæðisins og landslag á svæðinu hverfur í skóg. Það má samt telja ánægjulegt að sjá fallegan og gróskumikinn skóg með fjölbreyttu lífríki.

Áhrif á samfélag eru jákvæð því það verða til ný störf við gróðursetningu og umhirðu trjáa.

Áhrif á minjar og verndarsvæði eru engin að því gefnu að tekið verði tillit til þekktra minja og friðhelgaðs svæðis umhverfis þær.

Áhrif á heilsu og öryggi eru óveruleg/jákvæð. Jákvæð áhrif geta orðið vegna útivistarmöguleika ef stígar verða gerðir um skóginn. Ef leitast verður við að lágmarka hættu á gróðureldum þá eru áhrif á öryggi óveruleg.

Núll kostur

Áhrif af núll kosti eru sambærileg við áhrif af breyttu skipulagi. Helstu frávik eru að skógræktarsvæðið er talsvert minna og áhrif á ásýnd og landslag því minni.

4.2.2 Niðurstaða

Sveitarstjórn telur jákvætt að ráðist verði í frekari skógrækt á svæðinu en gætt verði að því að vernda blautasta landið sem votlendi og kjörlendi fyrir fjölbreyttara fuglalíf. Þar sem ekki er lengur hefðbundinn búrekstur á Skálholtsjörðinni er jákvætt að landið verði nýtt til skógræktar.

Svæðið er ekki talið flokkast sem úrvals landbúnaðarland þó hluti þess geti hentað til ræktunar og um sé að ræða ágætis beitiland. Æskilegt er að svæðið verði áfram nýtt sem beitiland að einhverju leyti til að draga úr myndun sinu og þar með líkum á gróðureldum. Stækkun skógræktarsvæðisins tengir það við skógræktarsvæði í landi Hrosshaga.

Skógrækt stuðlar að bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi. Þá er ákjósanlegt að svæðið geti að einhverju leyti nýst til útivistar (göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir), t.d. með því að halda við þjóðleiðinni sem um það liggur. Skógræktin kemur til með að hafa jákvæð áhrif á aðliggjandi landbúnaðarsvæði vegna skjólmyndunar.

Þrátt fyrir þessa breytingu er talið vera nóg til af góðu landbúnaðarlandi innan sveitarfélagsins.

5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

5.1 Skipulags og matslýsing

Skipulagslýsingin var kynnt sumarið 2021. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Minjastofnun og Umhverfisstofnun.

5.2 Aðalskipulagsbreytingin

Gert er ráð fyrir að aðalskipulagsbreytingin verði kynnt og auglýst í byrjun árs 2022. Breytingin verður auglýst í staðarblöðum, blöðum á landsvísu og heimasíðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita (www.utu.is).

Breytingin verður auk þess send til eftirtalinna umsagnaraðila:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Minjastofnun


Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Gert er ráð fyrir að breytingin taki gildi á vormánuðum.



BLÁSKÓGABYGGÐ Aðalskipulag 2015-2027

Breyting í Skálholti - stækkun skógræktarsvæðis



Breytt aðalskipulag í mkv. 1:50.000.

SKÝRINGAR

ATVINNA OG BYGGÐ

- F Fristundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- SL Skógræktar- og landgræðslusvæði
- S Samfélagsþjónusta
- E Efnistöku- og efnislosunarsvæði

SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Héraðsvegir/landsvegir
- Reiðleiðir

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

- Svæði á náttúruminjaskrá
- Friðlýstar fomminjar
- Náttúruvá

TÁKN TIL SKÝRINGAR


- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Ræktað land
- Þéttbýli

SKIPULAGSGÖGN

Aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:50.000.
Greinargerð og umhverfisskýrsla.

KORTAGRUNNAR

IS50v frá Landmælingum Íslands.
Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.
Hnitakerfi er í ISN93.



Gildandi aðalskipulag í mkv. 1:50.000.



Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027
Bláskógabyggð
Breyting í Skálholti - stækkun skógræktarsvæðis

VERK:	BLADSTÆRÐ:	UNNID:	RÝNT:
3502-014-19	A4	IS	AB
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1:50.000	06.12.2021	-	
SAMPYKKT:			